

Stjórnarfundur STEFs 13. desember 2022 / Fundargerð - útdráttur

Í Ráðagerði, við Gróttu á Seltjarnarnesi, var haldinn fundur í stjórn STEFs þriðjudaginn 13. desember 2022.

Fundarmenn: Bragi Valdimar Skúlason, Þórunn Gréta Sigurðardóttir, Hallur Ingólfsson, Eyþór Gunnarsson og Puríður Jónsdóttir. Forföll höfðu boðað Sigurður Flosason og Sigríður Thorlacius og mættu varamenn þeirra Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson og Óttarr Proppé. Að auki sat fundinn framkvæmdastjóri, Guðrún Björk.

Dagskrá fundarins var lögð fram. Þetta gerðist helst:

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 9. nóvember og útdráttur voru lögð fram og samþykkt.
2. Lit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum. Lögð voru fram eftirfarandi skjöl:
 1. Umsögn STEFs til Alþingi vegna breytinga á lögum um tímabundnar endurgreiðslur á hljóðritunarkostnaði (samhljóða umsögn sem send var í *Samráðsgátt*).
 2. Frumvarp til tónlistarlaga.

Rætt var um að STEF myndi senda inn umsögn til Alþingis um frumvarp til tónlistarlaga. Þórunn Gréta og Bragi tóku að sér að taka saman efnisatriði slíkrar umsóknar.

3. Umboð til *Fjölís*.

Lögð fram drög að umboði STEFs til Fjölís. Fjölís hefur, eins og önnur samtök sem annast innheimtu höfundaréttargjalda, þurft að sækja um nýja viðurkenningu til ráðuneytisins. Í því ferli kom í ljós að Fjölís var ekki með í sínum fórum formleg umboð frá aðildarfélögum sínum til þeirrar hagsmunagæslu sem Fjölís fer með. Stjórn STEFs samþykkti undirritun á fyrirliggjandi umboði og var framkvæmdastjóra falið að ganga frá málinu. Á vettvangi Fjölís hefur nokkur umræða verið um að útvíkka það hlutverk sem Fjölís fer með, sérstaklega þannig að Fjölís geti samið við söfn um að gera verk aðgengileg skv. 12. gr. b höfundalaga. Stjórn STEFs telur sig geta fallist á slíka útvíkkun umboðs, komi til þess að stjórn og fulltrúaráð Fjölís ákveði að hefja hagsmunagæslu fyrir aðildarfélög sín að þessu leyti. Þessi skoðun stjórnar STEFs er þó sett fram með þeim fyrirvara að tryggt verði að eingöngu verði um að ræða verk sem ekki séu fánleg á almennum markaði. Þ.e.a.s. að þegar um er að ræða nótur, þá séu þær ekki boðnar til sölu eða leigu hjá höfundum eða umboðsaðilum eins og Tónverkamiðstöðinni.

4. Framlag til *Tónlistarmiðstöðvar*.

Lögð fram fundargerð frá fundi með stofnaðilum Tónlistarmiðstöðvar með tillögu að greiðslu stofnfjár og rekstrarframlags.

Samþykkt var það fyrirkomulag sem fram kemur í fundargerðinni varðandi stofnframlag, þ.e.a.s. að stofnframlag hagaðila eins og STEFs í ÚTÓN verði fært yfir til Tónlistarmiðstöðvarinnar. Þá var enn fremur samþykkt sú tillaga sem fram kemur í fundargerðinni, að STEF leggi til rekstrarfé kr. 1,5 millj.

Stjórn STEFs áskilur sér þó þann rétt að taka árlega ákvörðun um framlag á slíku rekstrarfé og þannig verði STEF ekki skuldbundið ótímabundið að leggja árlega til slíkt fjármagn.

Í tengslum við stofnun Tónlistarmiðstöðina vill stjórn STEFs enn fremur koma þeim áhyggjum á framfæri, að hugsanlegt sé að í fyrirhuguðu húsnæði sé mygla og telur nauðsynlegt í því sambandi að fá yfirlýsingu frá rekstraraðilum húsnæðisins um að sá hluti hússins sem um ræðir, sé ekki sýktur af myglu og að slíkt hafi verið staðfest af fagmönnum.

Þá telur stjórn STEFs eðlilegt að skoðuð sé aðkoma tónlistarkennara að Tónlistarmiðstöðinni, í því ljósi að hún mun ekki hafa neitt um tónlistarkennslu að segja, enda á það undir annað ráðuneyti en *Menningarráðuneytið*, sem miðstöðin heyrir undir.

Að lokum vill stjórn STEFs lýsa yfir mikilli ánægju með hversu hratt og vel hefur tekist til varðandi undirbúning að stofnun Tónlistarmiðstöðinni, svo og það fjárframlag sem hið opinbera mun leggja til stofnunarinnar og til Tónlistarsjóðs næstu ár. Bindur stjórn STEFs miklar vonir við að þetta tvennt muni hafa í för með sér umtalsverða innspýtingu inn í greinina.

5. Úthlutanir ársins 2022.

Lagt er fram:

- a) Stutt minnisblað um úthlutanir ársins.
- b) Yfirlit yfir þróun úthlutana frá 2017-2022.
- c) Punktur og upphæðir í Aðalúthlutun og Miðsumarsúthlutun 2022.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir úthlutunum ársins og þá sérstaklega nýafstaðinni Aðalúthlutun, auk þess sem hún kynnti ýmsa tölfræði í tengslum við úthlutanirnar.

Aðalúthlutun nam í ár samtals 238,1 milljón, en hluti var greiddur út í júní (67 milljónir) í sk. Miðsumarsúthlutun, sem er í raun innborgun á Aðalúthlutun. Þetta er talsverð hækkun frá því í fyrra, þegar Aðalúthlutun var alls 198,7 milljónir. Hækkunina má einkum rekja til aukinna tekna af bakgrunnstónlist á árinu 2021 (miðað við 2020), en viðsnúningur varð í verslunar- og veitingarekstri eftir heimsfaraldurinn.

Breyting varð á úthlutun tekna af bakgrunnstónlist, í samræmi við nýjar úthlutunarreglur STEFs og ákvörðun stjórnar. Í þeim tilvikum sem ekki lágu fyrir skýrslur um flutning, var 40% fjárhæðarinnar úthlutað miðað við almennt streymi ársins á undan (Spotify o.fl.), 40% úthlutað miðað við fyrirliggjandi lagalista fyrirtækjastreymis (e. B2B) og 20% í samræmi við útvarpsflutning. Áður var tekjum af bakgrunnstónlist að langmestu úthlutað miðað við útvarpsflutning, þ.e.a.s. bætt hlutfallslega ofan á eiginlegar útvarpstekjur.

Þá var úthlutað í ár í síðasta skipti sérstaklega samkvæmt ákvörðunum nefnda um „sigræn verk“ og um „dansleiki, mannfagnaði, bakgrunnstónlist og SPA“ (DMB). Þessar nefndir verða nú lagðar af. Áfram geta höfundar þó tilkynnt STEFi ef þeir telja að verk þeirra séu flutt í bakgrunni og að ofangreind viðmið eigi illa við um þann flutning. Nú var einnig í síðasta skipti úthlutað samkvæmt flokkunarkerfi STEFs, sem gaf verkum mismunandi vægi, en eins og kynnt hefur verið þá hefur þetta kerfi verið lagt af. Samhliða þeirri ákvörðun var hins vegar stofnaður „Stórverkasjóður“.

STEF úthlutaði tvisvar sinnum fyrir tónleikaflutning á árinu og námu þær úthlutanir samtals um kr. 23,6 milljónum í ár. Það er gífurleg breyting frá því í fyrra, þegar einungis var úthlutað um 7,7 milljónum vegna tónleika. Tónleikaúthlutanir hafa þó ekki enn náð því hámarki sem var á árinu 2019. Vonir eru þó bundnar við að ná því marki á næsta ári, sem verður þá fyrsta eðlilega tónleikaárið eftir heimsfaraldurinn.

Á árinu var um 90 milljónum úthlutað fyrir flutning verka erlendis, sem er nokkuð lægri fjárhæð en í fyrra, en að miklu leyti er um að kenna minni tekjum vegna tónleika erlendis, sem orsakast af samkomu- og ferðatakmarkunum á árinu 2021. Þá hafa tekjur frá okkar erlendu systursamtökum skilað sér misjafnlega í ár, en eftir síðustu erlendu úthlutun ársins bárust loks uppsafnaðar tekjur nokkurra ára, m.a. frá Þýskalandi, Spáni og Ítalíu, sem mun verða úthlutað snemma næsta árs.

Að lokum er vert að nefna að úthlutun vegna streymis frá NMP og eintakagerðar frá NCB nám á árinu samtals 76,6 milljónum, en fjórða og síðasta NCB/NMP úthlutun ársins verður framkvæmd rétt fyrir jól. Þetta er hækkun frá fyrra ári, þegar NMP/NCB úthlutanir voru samtals 68 milljónir.

Ofan á þetta allt leggst síðan úthlutun STEFs til erlendra réttihafa, en hún er um 158 milljónir í ár, en var um 137 milljónir í fyrra.

Stjórn gerði ekki athugasemdir við úthlutanir ársins.

Sérstaka athygli vakti mikil nýliðun í hópi höfunda, enda voru 633 höfundar nýskráðir á árinu (en nýir aðildarsamningar voru 233 talsins). Í framhaldinu var rætt um kynningu á úthlutunum ársins á fulltrúaráðsfundi STEFs sem haldinn verður daginn eftir stjórnarfundinn.

6. *Íslensku tónlistarverðlaunin* – verðlaunaflokkar.

Á vettvangi Samtóns hefur farið fram heilmikil umræða um fækkun verðlaunaflokka, í kjölfar óska frá Félagi hljópmplötuframleiðenda (FHF) um tilteknar breytingar á ÍTV. Í framhaldinu var búin til lítill vinnunefnd, auk þess sem stjórn STEFs gafst færi á að koma með sínar tillögur. Niðurstaða þessarar vinnu var kynnt á fundi Samtóns þann 9. desember. Var þó ákveðið að biðja með að taka ákvörðun þar til betra færi gæfist til að skoða málið. Á stjórnarfundum STEFs lágu fyrir tillögur fundarins frá 9. desember auk athugasemda einstakra stjórnarmanna.

Niðurstaða stjórnar STEFs var að stjórnin gæti sætt sig við þessar tillögur eins og þær liggja fyrir núna. Stjórnin vill þó koma á framfæri nokkrum hugmyndum áður en endanleg ákvörðun verður tekin.

7. Önnur mál.

Ekki voru fleiri mál fram borin. Fundi var slitið kl. 13:30.